

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1137/2014**2015/EES/46/09**

frá 27. október 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun á tilteknum sláturmat úr dýrum sem ætlaður er til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja beri að tryggja að sértækar kröfur er varða frekari meðhöndlun á sláturmat, t.d. mögum úr jörturdýrum og löppum hóf- og klaufdýra, séu uppfylltar.
- 2) Í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð skal flá eða kalóna og afbyrsta lappir hóf- og klaufdýra, sem ætlaðar eru til frekari meðhöndlunar, og maga úr jörturdýrum skal kalóna eða hreinsa í sláturhúsinu, áður en þau eru flutt á aðra starfsstöð.
- 3) Búnaðurinn, sem er nauðsynlegur til að framkvæma fláningu eða kalónun og afbyrstingu, krefst mikillar fjárfestingar. Þar af leiðandi eru einkum lítil og meðalstór sláturhús ekki í stakk búin til að meðhöndla sjálf, á kostnaðarhagkvæman hátt, lappir sem eru ætlaðar til manneldis.
- 4) Þó að tækniþróun geri það kleift að nýta lappir hóf- og klaufdýra sem matvæli og minnka þar með matarúrgang standa einkum lítil og meðalstór sláturhús frammi fyrir raunhæfum afleiðingum sem hindra slíka nýtingu.
- 5) Ostahleypir er hreinsaður til framleiðslu á osti og er fenginn úr mögum ungra jörturdýra í til þess gerðum starfsstöðvum. Kalónun eða hreinsun maga dregur verulega úr magni ostahleypis, sem fenginn er úr þessum mögum, án þess að auka öryggi ostahleypisins sem er mikið hreinsaður í kjölfarið.
- 6) Til að stuðla að betri stjórnun og samkeppnishæfni þarf að viðhalda háu stig matvælaöryggis en skapa um leið jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stjórnendur sem einnig unnt er að viðhalda í litlum og meðalstörum sláturhúsum.
- 7) Magar úr jörturdýrum og lappir hóf- og klaufdýra falla undir skilgreiningu á sláturmat í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Kröfurnar er varða meðhöndlun á sláturmat í þeirri reglugerð, þ.m.t. kröfur varðandi hitastig við geymslu og flutning, tryggja að unnt sé að meðhöndla og flytja þessar afurðir á öruggan hátt á starfsstöð utan sláturhússins, sækja þær frá mismunandi sláturhúsum og nýta þær. Lögbært yfirvald ætti því að heimila flutning á löppum hóf- og klaufdýra, sem ekki er búíð að flá eða kalóna eða afbyrsta, á aðra starfsstöð.
- 8) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 18. liðar IV. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„18. Fyrir frekari meðhöndlun skal:

- a) kalóna maga eða hreinsa; ef um er að ræða maga úr ungum jórturdýrum, sem eru ætlaðir til framleiðslu á ostahleypi, þarf þó einungis að tæma magana,
- b) tæma garnir og hreinsa,
- c) flá hausa og lappir eða kalóna þau og afbyrsta; ef lögbært yfirvald heimilar má þó flytja sýnilega hreinar lappir á samþykta starfsstöð, sem meðhöndlar lappirnar frekar til vinnslu í matvæli, og flá þær þar eða kalóna og afbyrsta.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
